



[www.ibr.hi.is](http://www.ibr.hi.is)

## **HJÁ EINKAFYRIRTÆKI EÐA OPINBERU: HVAÐA ÞÆTTIR RÉÐU ÞVÍ HVERT ÞÁTTAKENDUR Í LÍÐSSTYRK RÉÐU SIG?**

Birna Eyjólfsdóttir  
Sveinn Agnarsson

### **Ritstjórar:**

Auður Hermannsdóttir

Ester Gústavsdóttir

Kári Kristinsson

Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands:

Erindi flutt á ráðstefnu í mars 2014

Ritrynd grein

Reykjavík: Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands

ISSN 1670-8288

ISBN 978-9979-9933-4-6



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# HJÁ EINKAFYRIRTÆKI EÐA OPINBERU: HVÆÐA ÞÆTTIR RÉÐU ÞVÍ HVERT ÞÁTTTAKENDUR Í LIÐSSTYRK RÉÐU SIG?

Birna Eyjólfsdóttir, mastersnemi, Háskóli Íslands  
Sveinn Agnarsson, dósent, Háskóli Íslands


## SAMANTEKT

Eftir hrunið haustið 2008 fjölgaði mjög þeim sem voru án vinnu og komst skráð atvinnuleysi hæst í 9,3% í febrúar 2010. Í ársbyrjun 2013 rann út bráðabirgðaákvæði sem lengt hafði bótarétt atvinnuleitenda tímabundið úr þremur árum í fjögur, en ljóst var að sú breyting myndi leiða til þess að verulega myndi fjölga í hópi atvinnulausra. Til að taka á þessum vanda var hrundið af stað verkefninu Liðsstyrkur sem Vinnumálastofnun hafði umsjón með. Öllum sem voru vinnufærir og vildu vinnu skyldi boðin vinna til sex mánaða, en þeim, sem voru óvinnufærir, stóð til boða starfstengd endurhæfing. Af þeim 742 langtíma-atvinnulausu einstaklingum, sem höfðu í lok október 2013 fengið vinnu fyrir tilstyrk átaksins Liðsstyrkur, höfðu 466 fengið vinnu hjá fyrirtækjum á almenna markaðnum og 276 hjá opinberum aðilum. Af fyrirliggjandi gögnum verður hvorki séð að aldur né sá fjöldi mánaða sem einstaklingur hafði verið án vinnu hafi skipt sköpum um það hvort viðkomandi fékk vinnu hjá einkafyrirtæki eða opinberu. Meiri líkur voru aftur á móti á því að karl fengi vinnu á almennum markaði en kona. Menntun á framhaldsskólastigi jók einnig líkur á að viðkomandi væri ráðinn til einkafyrirtækis og skipti þar tiltölulega litlu hvort um var að ræða stúdentspróf, iðnnám eða verklegt nám. Háskólamenntun dró hins vegar úr líkum á því að vera ráðinn til einkafyrirtækis. Ekki er heldur að sjá að miklu hafi skipt hvort einstaklingar hafi áður tekið þátt í þeim vinnumarkaðsaðgerðum sem Vinnumálastofnun hefur sérstaklega ætlað þeim sem lengi hafi verið án vinnu, svo sem starfsþjálfun, reynsluráðningu eða þátttöku í átaksverkefninu Vinnandi vegur. Niðurstöður voru ætíð svipaðar fyrir karla og konur.

## INNGANGUR

Eftir hrunið haustið 2008 fjölgaði mjög þeim sem voru án vinnu. Skráð atvinnuleysi, sem lengstum á Íslandi hefur verið um 2%, fór úr 1,3% í september 2008 og upp í 9,1% í apríl vorið eftir. Þá voru um 16.800 einstaklingar á atvinnuleysissskrá og höfðu flestir einungis verið án vinnu í nokkra mánuði, en um 360 voru þó búnir að vera á skrá í meira en eitt ár. Á næstu mánuðum fjölgaði langtíma-atvinnulausum mjög.<sup>1</sup> Þeir voru orðnir fleiri en eitt þúsund í september 2009 og í byrjun árs 2010 höfðu ríflega 4.000 verið án vinnu í eitt ár eða lengur.

<sup>1</sup> Langtímaatvinnulausir eru þeir skilgreindir sem hafa verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur. Sjá t.d. Hagstofa Íslands (2013), bls. 6



Mynd 1. Atvinnuleysishlutfall og heildarfjöldi skráðra atvinnulausra og þeirra sem höfðu verið án vinnu lengur en 12 mánuði. Janúar 2007 – október 2013. Heimild: Vinnumálastofnun.

Fyrir efnahagshrunið hafði verið tiltölulega lítil þörf fyrir sérstakar aðgerðir gegn atvinnuleysi hérlandis enda ástand á vinnumarkaði að jafnaði gott (Andersen o. fl., 2011). Eldri lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 snerust þannig einkum um vinnumiðlanir og réttindi og skyldur þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli, en minna um beinar aðgerðir. Með lögum nr. 55/2006 var aukin áhersla lögð á að meta hæfni atvinnuleitenda og að skipuleggja vinnumarkaðsúrræði með hliðsjón af færni atvinnuleitenda. Versnandi atvinnuástand eftir hrun leiddi til þess að aukið kapp var lagt á að efla virkni hinna atvinnulausa og bæta stöðu þeirra á markaði, sem og að skapa atvinnutækifæri. Sérstök áhersla var lögð á að auka möguleika á vinnu fyrir ungt fólk og þá sem lengi höfðu verið án vinnu. Í því skyni var hrundið af stað sérstökum átaksverkefnum. Hinu fyrsta þeirra, Ungt fólk til athafna, var hleypt af stokkunum í febrúar 2010 og var ætlað að skapa yfir 2.000 ný starfs- og námstækifæri fyrir fólk yngra en 25 ára (Vinnumálastofnun, e.d.). Reynslan var því verkefni og sá árangur sem náðist nýttist vel í átaksverkefninu ÞOR – þekking og reynsla – sem hófst í ágúst 2010 og var ætlað að virkja þá einstaklinga sem höfðu verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur til þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum (Vinnumálastofnun, e.d.).

Þrátt fyrir að aukin áhersla hafi verið lögð á að bæta stöðu langtímaatvinnulausra á vinnumarkaði breyttist fjöldi þeirra, sem höfðu verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur, lítið á árinu 2010 og í október töldu þeir enn um 4.600 einstaklinga. Var fyrirsjáanlegt að árið 2011 myndi stór hópur atvinnulausra vera búinn að fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Til að taka á þeim vanda var ákveðið að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr þremur árum í fjögur (lög nr. 153/2010). Breytingin tók þó eingöngu til þeirra sem höfðu í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. mars 2008 eða síðar. Þetta bráðabirgðaákvæði tók gildi í ársbyrjun 2011, en var síðan framlengt um eitt ár.

Að auki var lögð enn meiri áhersla á að virkja þá, sem lengi höfðu verið án vinnu og bjóða þeim úrræði við hæfi. Í apríl 2011 var átakinu Nám er vinnandi vegur ýtt úr vör, en markmið þess var að tryggja öllum umsækjendum um nám í framhaldsskóla að 25 ára aldri, sem uppfylltu skilyrði, skólavist í framhaldsskóla þá um haustið (Velferðarráðuneytið, 2011). Þá átti að skapa ný

námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir. Í febrúar 2012 var ráðist í verkefnið Vinnandi vegur – áttak gegn langtímaatvinnuleysi, en það var sameiginlegt áttak atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins sem Vinnumálstofnun stýrði (Velferðarráðuneytið, 2012). Áttakið beindist einkum að fólki, sem hafði verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur og fólst í því að fyrirtæki eða stofnun, sem réð starfsmann samkvæmt skilyrðum áttaksins, fékk ráðningarstyrk í allt að 12 mánuði úr Atvinnuleysistryggingarsjóði. Styrkurinn nam fullum atvinnuleysisbótum, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Þessar breytingar fólu í sér aukna áherslu á sköpun atvinnutækifæra og sértækra úrræða sem miðuðu að ungu fólki og langtímaatvinnulausum og almenn verkefni urðu yfirgripsmeiri. Að mati Stefáns Ólafssonar o.fl. (2012) höfðu þær aðgerðir, sem gripið var til í því skyni að draga úr atvinnuleysi, meiri áhrif hér á landi en í skandinavísku löndunum.

Í byrjun árs 2013 féll úr gildi bráðabirgðaákvæðið um lengingu atvinnuleysisbótaréttar í fjögur ár. Giskað var á að allt að 3.700 manns myndu fullnýta þriggja ára bótarétt innan ársins 2013 og að margra þeirra biði lítið annað en framfærslustyrkur frá sveitarfélögum (Runólfur Ágústsson, 2013). Um haustið 2012 áttu sér stað viðræður á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um hvernig hægt væri að bregðast við þessum vanda og í framhaldi af því var ákveðið að ráðast í nýtt áttaksverkefni sem hlaut nafnið Líðsstyrkur (lög nr. 142/2012, reglugerð nr. 48/2013). Rétt til þátttöku í verkefninu áttu þeir einstaklingar sem höfðu verið atvinnulausir lengur en 36 mánuði en skemur en 42 mánuði. Þá stóð til boða svokallaður biðréttur sem gat numið allt að sex mánuðum eftir að skilgreindum bótarétti lyki að því gefnu að einstaklingurinn væri þátttakandi í verkefninu. Þeir einstaklingar sem ekki vildu taka þátt í verkefninu misstu bótarétt sinn. Áttakið fól í sér að Atvinnuleysistryggingarsjóður niðurgreiddi stofnkostnað atvinnurekenda við ný störf fyrir langtímaatvinnulausa og nam hver styrkur grunnatvinnuleysisbótum, 172.609 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt, að viðbættu 8% framlagi í lífeyrissjóð. Styrki mátti veita til allt að sex mánaða. Þeim einstaklingum sem töldust óvinnufærir skyldi boðið upp á frekari atvinnutengda endurhæfingu. Alls voru 2.521 starf skráð í starfabanka verkefnisins, en þegar tekið hafði verið tillit til villna við skráningu reyndust 2.301 störf hafa komið til frekari skoðunar (Verkefnisstjórn um Líðsstyrk, 2014). Af þeim var ráðið í 1.058 störf og voru 940 ráðningar vegna einstaklinga sem voru þátttakendur í Líðsstyrk, en 118 vegna einstaklinga sem voru utan við markhóp verkefnisins. Atvinnurekendur afturkölluðu 636 störf og önnur 574 störf voru afskráð. Í lok verkefnisins voru 33 störf enn skráð í miðlun. Hér á eftir er eingöngu litið til þeirra einstaklinga sem í gögnum Vinnumálastofnunar höfðu annað hvort fengið starf hjá einkafyrirtækjum eða opinberum aðilum, en ekki kemur ætíð fram í gögnum stofnunarinnar hvort um var að ræða. Rannsóknasurningin sem tekist er á við er þessi: Hvaða einstaklingsbundnu þættir réðu því hvort einstaklingur fékk vinnu hjá einkafyrirtæki eða opinberum aðila?

## VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR

Vinnumarkaðsstefna á Norðurlöndunum og áherslur síðastliðin ár hafa grundvallast á hugmyndinni um vinnumarkað án aðgreiningar (e. inclusive labour market) með það markmiði að sporna við félagslegri útilokun (e. social exclusion) og hindra að atvinnuleysis geti myndað jaðarhópa í samfélaginu (Halvorssen o.fl., 2013). Stefnit hefur verið að því að allir hafi jöfn tækifæri og ekki komi til félagslegrar útilokunar, en með því er átt við þær aðstæður sem myndast þegar jöfn og samfelld aðgreining einstaklinga og hópa leiðir til þess að þeir verða utanvelta í samfélaginu. Til að skoða hvernig þessi útilokun kemur til má beita heildrænni nálgun (e. holistic approach), en þá er litið á atvinnu sem grundvallarþátt í samsömun sem til er komin vegna launa, sjálfsmyndar og þess virðis sem vinnumarkaðurinn og tengslanet þar innan skapar (Papadki og Kyridis, 2012). Í þessu felst að litið er á virkni og atvinnu sem grundvallarþátt í velferð samfélaga og einstaklinga.

Þær aðgerðir sem beinast að atvinnulausum til þess að efla virkni vinnumarkaðarins eru skilgreindar sem vinnumarkaðsaðgerðir (e. active labour market policy). Í raun eru þessar aðgerðir þrjúþættar: 1) vinnumiðlun í þeim tilgangi að gera samsvörun á milli lausra starfa og atvinnuleitenda skilvirkari, 2) þjálfun til þess að viðhalda og aðlaga færni atvinnuleitenda að þörfum markaðarins og 3) sköpun starfa sem getur falið í sér ráðningar á opinberum vinnumarkaði eða niðurgreiðslu launa innan almenna vinnumarkaðarins (Calmfors, 1994). Markmið aðgerðanna er annars vegar að stytta þann tíma sem einstaklingar eru án vinnu og hraða endurkomu atvinnuleitenda út á vinnumarkað og hinsvegar að leysa þann vanda sem fylgir því að sumir standa hallari fæti á vinnumarkaði (Bonoli, 2010). Þær grundvallast í raun á þeirri forsendu að atvinnuleysi komi til vegna þess að þegar harðnar á dalnum verði þeir sem hafi minni kunnáttu (reynslu, menntun) undir í samkeppni um of fá störf. Aðgerðunum er því einkum ætlað að viðhalda eða skapa samkeppnishæfi þeirra sem eru í atvinnuleit og auka líkur þeirra á að fá vinnu.

Dengler o.fl. (2013) benda á að langtímaatvinnulausir er sá hópur sem stendur fjærst vinnumarkaði og á því litla von á því að auka ráðningarhæfi sitt með þátttöku í þeim almennu úrræðum sem í boði eru og því þurfi að grípa til sértækari aðgerða til að auka líkur á að þeir fái vinnu. Sköpun starfa og niðurgreiðslur launa eru skilgreind sem þau verkefni sem búa til ný störf (OECD, e.d.). Til þessara aðgerða á grípa til hvort heldur er á opinberum eða almennum vinnumarkaði (Grubb og Puymoyen, 2008).

Rannsóknir hafa sýnt fram á mun á þeim árangri sem næst með atvinnutengdum úrræðum og þeim aðgerðum sem fela ekki í sér ráðningu (Jenischen og Gesine, 2011; Sianesi, 2008) og því geta sértæk vinnumarkaðsúrræði komið í veg fyrir langtíma- eða viðvarandi atvinnuleysis. Card, Kluge og Weber (2010) benda á að niðurgreiðslur í opinbera geiranum hefðu þó ekki mikil áhrif á atvinnuleysi til lengdar. Líkt og fram kemur hjá Sianesi (2008) er það eðli starfanna og hvort að þau séu lík raunverulegum störfum sem gerir verkefnið árangursrík. Af því má draga þá ályktun að hugsanlega er fyrirkomulag og eðli þeirra starfa sem eru sköpuð með þessum aðgerðum að einhverju leti frábrugðin því sem gerist á almenna vinnumarkaðnum.

## AÐFERÐARFRÆÐI

Úrtakið náði til 742 einstaklinga sem höfðu í lok október 2013 fengið vinnu í gegnum Liðsstyrk. Af þeim voru 466 eða 63%<sup>2</sup> ráðnir til einkafyrirtækja, en 276 hjá opinberum aðila. Karlar voru 465 og konur 277 og um helmingur, eða 374, höfðu eingöngu lokið grunnskólaprófi eða hlotið minni menntun. Um 18% höfðu lokið iðnnámi, 14% háskólanámi, 10% stúdentsprófi og 7% öðru verklegu námi. Tiltölulega fáir sem fengu vinnu höfðu tekið þátt í þeim starfstengdu úrræðum, sem Vinnumálastofnun bauð upp á eða hlotið reynsluráðningu, eða einungis 47 (6%) og aðeins 36 (5%) tekið þátt í átaksverkefninu Vinnandi vegur.

<sup>2</sup> Má sjá af því að meðaltal breytunnar einkafyrirtæki er 0,63.

Tafla 1. Lýsing á gögnum. Aldur í árum, lengd atvinnuleysis í mánuðum, aðrir breytur taka gildið 0 og 1. Fjöldi athugana er 742.

|                              | Meðaltal | Staðalfrávik | Lággildi | Hágildi |
|------------------------------|----------|--------------|----------|---------|
| Einkafyrirtæki               | 0,63     | 0,48         | 0,00     | 1,00    |
| Aldur                        | 41,01    | 12,88        | 21,00    | 67,00   |
| Lengd atvinnuleysis          | 36,98    | 5,36         | 30,01    | 48,00   |
| Karl                         | 0,63     | 0,48         | 0,00     | 1,00    |
| Stúdentspróf                 | 0,10     | 0,30         | 0,00     | 1,00    |
| Iðnnám                       | 0,18     | 0,39         | 0,00     | 1,00    |
| Verklegt nám                 | 0,07     | 0,26         | 0,00     | 1,00    |
| Háskólanám                   | 0,14     | 0,35         | 0,00     | 1,00    |
| Starfsþjálfun/reynsluráðning | 0,06     | 0,24         | 0,00     | 1,00    |
| Vinnandi vegur               | 0,05     | 0,22         | 0,00     | 1,00    |

Til að kanna hvaða þættir ráði því hvort einstaklingur fái vinnu hjá einkafyrirtæki eða í opinbera geiranum er notuð logit-aðfallsgreining, en hún byggir á logit-dreifingu sem er mjög svipuð normal dreifingu utan hvað halar logit-dreifingarinnar eru nokkuð þykkari. Í því felst að meiri líkur eru á gildum sem eru langt frá meðaltali en í normaldreifingu.

Líkunum á að einstaklingur fái vinnu hjá einkafyrirtæki er lýst með jöfnunni

$$(1) \quad P_i = E(Y = 1 | X_i) = \frac{1}{1 + e^{-X_i \beta}}$$

þar sem  $Y=1$  táknar það tilvik þar sem einstaklingur fær vinnu hjá einkafyrirtæki,  $x$  er vektor skýristærða,  $\beta$  er vektor metinn stika og  $e$  táknar náttúrulegan veldisvísi (e. exponent). Jöfnu (1) má umrita sem

$$(2) \quad P_i = \frac{1}{1 + e^{-Z_i}} = \frac{e^{Z_i}}{1 + e^{Z_i}}$$

þar sem  $Z_i = X_i \beta$ .

Líkurnar á að viðkomandi fái ekki vinnu hjá einkafyrirtæki eru skilgreindar sem

$$(3) \quad (1 - P_i) = \frac{1}{1 + e^{Z_i}}$$

og hlutfallið á milli  $P_i$  og  $(1 - P_i)$ , sem kallað er líkindahlutfall (e. odds ratio) má þá skrifa sem

$$(4) \quad \frac{P_i}{1 - P_i} = \frac{\frac{e^{Z_i}}{1 + e^{Z_i}}}{\frac{1}{1 + e^{Z_i}}} = e^{Z_i}$$

Ef tekinn er náttúrulegur logaritmi ( $\ln$ ) af jöfnu (4) fæst eftirfarandi:

$$(5) \quad L_i = \ln \frac{P_i}{1 - P_i} = \ln(e^{Z_i}) = Z_i$$

Líkanið sem er notað til að kanna hvaða þættir ráði því hvort einstaklingur ræðst til einkafyrirtækis eða opinbers aðila má nú setja fram sem

$$(6) \quad Z_i = \beta_1 + \beta_2 \text{aldur}_i + \beta_3 \text{lengd}_i + \beta_4 \text{karl}_i + \beta_5 \text{stúdent}_i + \beta_6 \text{iðn}_i + \beta_7 \text{verklegt}_i + \beta_8 \text{háskóli}_i + \beta_9 \text{úrræði}_i + \beta_{10} \text{VV}_i + \varepsilon_i$$

Aldur táknað aldur viðkomandi einstaklings í árum og lengd atvinnuleysis hversu lengi viðkomandi hefur verið á atvinnuleysisbótum í mánuðum talið. Þessar tvær breytur eru samfelldar, en hinar breyturnar í líkaninu eru allar gervibreytur (e. dummy variables). Breytan karl tekur gildið 1 ef um karl er að ræða, en 0 ef um er að ræða konu. Breyturnar stúdent, iðn, verklegt og háskóli eru breytur sem sýna menntunarstig og taka gildið 1 ef viðkomandi hefur lokið stúdentsprófi, iðnnámi, verklegu námi eða háskólanámi en 0 ella. Breytan úrræði vísar til þess hvort viðkomandi hafi sótt vinnumarkaðsúrræði er fela í sér starfsþjálfun eða reynsluráðningu þann tíma sem hann hefur verið skráður atvinnulaus og tekur gildið 1 ef svo er en 0 ella. Breytan VV tekur gildið 1 ef viðkomandi tók þátt í átakinu Vinnandi vegur en annars 0. Grunntilvikið, þ.e. það tilvik þar sem allar gervibreyturnar taka samtímis gildið 0, er því kona sem eingöngu hefur lokið grunnskólanámi og hefur hvorki fengið starfsþjálfun eða reynsluráðningu og ekki tekið þátt í Vinnandi vegur. Líðurinn  $\epsilon$  er leifaliður sem gert er ráð fyrir að hafi væntigildið 0 og fasta dreifni.

## TÖLFRÆÐILEGT MAT

Jafna (6) var metin með aðferð hámarkssennilega (e. maximum likelihood) og má sjá niðurstöður matsins í töflu 2. Stuðlarnir við lengd atvinnuleysis og iðnnám eru, auk fastans, þeir einu sem eru marktækir við 5% mörkin, en stuðullinn við háskólanám er nærri því að vera marktækur við 10% mörkin. Marktæknin er ekki sýnd heldur eingöngu P-gildið (e. probability value) sem er á bilinu [0,1] fyrir hvern stuðul. Gildið sýnir við hvaða tölfræðileg mörk hægt er að hafna núlltilgátunni um að viðkomandi stuðull sé jafn núlli. Hefðbundið er að miða annað hvort við 5% eða 1% en í þeim tilvikum er P-gildið 0,05 eða 0,01. Af töflu 2 má t.d. ráða að hægt sé að hafna því að stuðullinn við breytuna iðnnám sé tölfræðilega marktækur frá núlli við 3,5% mörkin, en stuðullinn við breytuna Vinnandi vegur er aftur á móti ekki marktækur nema við 81% mörkin.

Tafla 2. Niðurstöður stuðlamats.

| Breyta                       | Stuðull | Staðalfrávik | P-gildi |
|------------------------------|---------|--------------|---------|
| Fasti                        | 3,1204  | 0,5818       | 0,0000  |
| Aldur                        | -0,0029 | 0,0064       | 0,6535  |
| Lengd atvinnuleysis          | -0,0732 | 0,0150       | 0,0000  |
| Karl                         | 0,2198  | 0,1651       | 0,1831  |
| Stúdentspróf                 | 0,3750  | 0,2758       | 0,1739  |
| Iðnnám                       | 0,4792  | 0,2278       | 0,0354  |
| Verklegt nám                 | 0,4674  | 0,3275       | 0,1535  |
| Háskólanám                   | -0,3749 | 0,2336       | 0,1085  |
| Starfsþjálfun/reynsluráðning | 0,1497  | 0,3321       | 0,6521  |
| Vinnandi vegur               | 0,0911  | 0,3755       | 0,8082  |

Sennileikahlutfallspróf (e. likelihood ratio test) fyrir því að allar stuðlarnir við breyturnar níu séu samtímis jafnir núlli gefur gildið 43,48. Prófstærðin er kí-kvaðrat dreifð og þar sem krítíska gildið við 5% mörkin er 11,07 er núllgátunni hafnað.

Líkanið spáir rétt fyrir um 475 einstaklinga eða í 64% tilfella. Þar sem 63% einstaklinga í úrtakinu voru ráðnir til einkafyrirtækis hefði einfalt líkan sem ætíð hefði spáð því að einstaklingur réðist til einkafyrirtækis spáð rétt fyrir í 63% tilfella. Líkanið gerir því aðeins betur en svo. Líkanið spáir þokkalega fyrir um þá sem réðust til einkafyrirtækja en illa fyrir um þá sem fengu starf hjá hinu

opinbera; af þeim 276 einstaklingum sem svo gerðu er spáin rétt í einungis 63 tilvikum. Aftur á móti spáir líkanið rétt fyrir um 412 af 466 sem fengu vinnu á almenna markaðnum.

Tafla 3. Spágeta líkans.

|      | Spá |    |     |
|------|-----|----|-----|
|      |     | 0  | 1   |
| Raun | 0   | 63 | 213 |
|      | 1   | 54 | 412 |

Svo sem áður var getið er háða breytan í líkaninu skilgreind sem náttúrulegur logaritmi af líkindahlutafallinu og stuðlamatið sýnir því hvaða áhrif viðkomandi breytur hafa á það hlutfall. Þar sem sú stærð er ekki mjög gagnsæ er fýsilegra að skoða jaðaráhrif hverrar breytu á líkur þess að viðkomandi fái vinnu hjá einkafyrirtæki. Lítum fyrst á samfelldu breyturnar aldur og lengd atvinnuleysis. Stuðlamatið gefur til kynna að áhrifin á líkindahlutfallið séu óveruleg og jaðaráhrifin, miðað við meðaltal allra breyta í líkaninu, eru einnig lítil. Hvert ár í aldri lækkar þannig líkurnar eingöngu um 0,07% á að vera ráðinn til einkafyrirtækis og hver mánuður á atvinnuleysissskrá dregur úr líkum um 1,7%. Jaðaráhrifin af gervibreytunum má reikna með því að bera saman líkurnar þegar viðkomandi breytur taka gildið 0 og gildið 1. Í töflu 4 er borið saman hvaða áhrif ólík menntun og reynsla af vinnumarkaðsúrræðum hefur á líkur þess að vera ráðinn til einkafyrirtækis. Í töflunni er ætíð miðað við einstakling sem er á meðalaldri þeirra sem voru í úrtakinu (41 ár) og sem hefur verið jafnlengi á bótatíma og einstaklingur í úrtakinu var að meðaltali þegar hann fékk vinnu (37 mánuðir). Efsta línan, grunnskólapróf, sýnir hvaða líkur eru á því að einstaklingur fái vinnu hjá einkafyrirtæki sem lokið hefur grunnskólaprófi og ekki tekið þátt í neinum úrræðum. Líkurnar eru tæp 57,4% fyrir konur en 62,6% fyrir karla. Líkur á að fá vinnu hjá einkafyrirtæki aukast um 8-9% ef viðkomandi hefur stúdentspróf, en heldur meira ef viðkomandi hefur lokið iðnnámi eða verklegu námi. Aftur á móti dragast líkurnar saman ef viðkomandi hefur háskólanám að baki. Með öðrum orðum, meiri líkur voru á því að einstaklingur sem eingöngu hafði lokið grunnskólaprófi fengi vinnu hjá einkafyrirtæki en sá sem hafði lagt stund á nám í háskóla. Loks aukast líkur þeirra að fá vinnu í einkageiranum sem hafa tekið í áður nefndum úrræðum. Athygli vekur að áhrifin eru í öllum tilvikum mjög sambærileg hjá bæði konum og körlum, þótt þau séu ætíð sterkari þegar konur eiga í hlut.

Tafla 4. Áhrif kyns, menntunar og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum á líkur þess að fá vinnu hjá einkafyrirtæki. Hlutfallstölur.

| Breyta                       | Kona  | Karl  |
|------------------------------|-------|-------|
| Grunnskólapróf               | 57,35 | 62,62 |
| Stúdentspróf                 | 8,83  | 8,29  |
| Iðnnám                       | 11,12 | 10,39 |
| Verklegt nám                 | 10,86 | 10,16 |
| Háskólanám                   | -9,32 | -9,10 |
| Starfsþjálfun/reynsluráðning | 3,62  | 3,43  |
| Vinnandi vegur               | 2,21  | 2,11  |

## NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Af þeim 742 langtímaatvinnulausu einstaklingum, sem höfðu í lok október 2013, fengið vinnu fyrir tilstyrk átaksins Liðsstyrkur, höfðu 466 fengið vinnu hjá fyrirtækjum á almenna markaðnum og 276



hjá opinberum aðilum. Af fyrirliggjandi gögnum verður hvorki séð að aldur né sá fjöldi mánaða sem einstaklingur hafði verið án vinnu hafi skipt sköpum um það hvort viðkomandi fékk vinnu hjá einkafyrirtæki eða opinberu. Meiri líkur eru aftur á móti á því að karl fengi vinnu á almennum markaði en kona. Menntun á framhaldsskólastigi eykur einnig líkur á að viðkomandi sé ráðinn til einkafyrirtækis og skiptir þar tiltölulega litlu hvort um er að ræða stúdentspróf, iðnnám eða verklegt nám. Háskólamenntun dregur hins vegar úr líkum á því að vera ráðinn til einkafyrirtækis og slík menntun virðist raunar frekar vera þeim til trafala sem hafa verið án vinnu lengi en vilja reyna fyrir sér á almennum markaði. Meiri líkur eru aftur á móti á því að háskólagengið fólk sé ráðið til ríkis eða sveitarfélaga. Ekki er heldur að sjá að miklu skipti hvort einstaklingar hafi tekið þátt í þeim vinnumarkaðsaðgerðum sem Vinnumálastofnun hefur sérstaklega ætlað þeim sem lengi hafi verið án vinnu, svo sem starfsþjálfun, reynsluráðningu eða þátttöku í átaksverkefningu Vinnandi vegur. Niðurstöður eru ætíð svipaðar fyrir karla og konur.

Enda þótt þessar niðurstöður gefi ákveðnar vísbendingar getur verið rétt að taka þeim með nokkurri varúð. Úrtakið er ekki stórt og fyrir vikið eru ekki margir einstaklingar með sama bakgrunn, t.d. hvað varðar menntun og þátttöku í úrræðum. Þetta endurspeglast vel í veiku tölfræðilegu stuðlamati í þeirri jöfnu sem greiningin byggist á. Forspárgildi jöfnunnar mætti einnig bæta. Eigi að síður kann að vera gagnlegt að íhuga þær niðurstöður eru snúa að því hvaða áhrif lengd atvinnuleysis og háskólanám hafa á líkurnar að ráðast til einkafyrirtækis. Þeir einstaklingar sem átakið Liðsstyrkur beindist að höfðu allir verið lengi án vinnu, en einungis þeir sem höfðu verið 36-42 mánuði án vinnu gátu tekið þátt. Allir í úrtakinu höfðu því verið álíka lengi án vinnu og þess vegna er kannski ekki líklegt að lengd atvinnuleysis hafi áhrif á líkur þess að vera ráðinn til einkafyrirtækis. Annað mál gegnir um þá sem voru með háskólamenntun. Hugsanlegt er að flestir hinna háskólagengnu hafi verið með menntun sem hentaði einkageiranum illa, t.d. á sviði mennta-, félags- og heilbrigðisvísinda, en einnig gæti verið að einkafyrirtæki hafi óttast að mannauður háskólamenntaðra rýrnaði hraðar. Aðrir skýringar gætu einnig verið til staðar, þótt ekki verðið frekar farið úr í þá sálma hér. Hins vegar er ljóst að frekari rannsóknar er þörf á því hvers vegna almenni markaðurinn fúlstaði við háskólamenntuðu fólk.

## HEIMILDIR

- Andersen, T., Hougaard, K. F. og Ólafsson, S. (2011). *Assessment of the Labour Market in Iceland*. Contract no. VC/2010/038. Final report. Danish Technological Institute.
- Bonoli, G. (2010). The political economy of active labour-market policy. *Politics & Society*, 38(4), bls. 435-457. DOI: 10.1177/0032329210381235.
- Calmfors, L. (1994). *Active labour market policy and unemployment – a framework for the analysis of crucial design features*. OECD Economic studies, 22.
- Card, D., Kluve, J. og Weber, A. (2010). Active Labour market policy evaluations: A meta-analysis. *The Economic Journal*, 120 (November), bls. 452–477. Doi: 10.1111/j.1468-0297.2010.02387.
- Dengler, K., Hohmeyer, K., Moczall, A. og Wolff, J. (2013). Intensified activation for disadvantaged welfare recipients in Germany: does it work? *International Journal of Sociology and Social Policy*, bls. 289-308. DOI 10.1108/IJSSP-07-2012-0062.
- Grubb, D. og Puymoyen, A. (2008). Long time series for public expenditure on labour market programmes. *OECD Social, Employment and Migration Working Papers*, nr. 73, OECD. DOI: 10.1787/230128514343
- Hagstofa Íslands. (2014). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. 2014:1.

- Halvorsen, B., Hansen, O. J., Tagström, J og Flö, R. (2013). *Creating inclusive labour market. Inclusion on youths, people with disabilities and seniors (summary)*. Sótt þann 12. október 2013 af [www.norden.org/en/publications](http://www.norden.org/en/publications).
- Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006
- Lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks nr. 42/2013
- Lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum nr. 153/2010.
- Lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks nr. 142/2012.
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997.
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006.
- OECD. (e.d.) *Coverage and classification of OECD data for public expenditure and participants in labour market programmes*. Sótt 24. október 2013 af <http://www.oecd.org/els/emp/42116566.pdf>.
- Papadki, K. og Kyridis, A. (2012). How the CVT specialists working in centres of vocational training affect the social exclusion of people older than 50 years old in Greece. *International Journal of Education*, 4(3), bls. 160-182. Doi:10.5296/ije.v4i3.2447
- Reglugerð nr. 48/2013 um breytingu á reglugerð nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki, með síðari breytingum.
- Runólfur Ágústsson. (2013). *Liðsstyrkur. Stöðuskýrsla. Mat á stöðu og framgangi verkefnisins í ágúst 2013*. Sótt 12. febrúar 2014 af [http://asi.is/Portaldata/1/Resources/frettaefni/Lidstyrkur\\_1\\_stoduskysrsla\\_agust2013.pdf](http://asi.is/Portaldata/1/Resources/frettaefni/Lidstyrkur_1_stoduskysrsla_agust2013.pdf).
- Sianesi, B. (2008). Differential effects of active labour market programs for the unemployed. *Labour Economics*, 15, bls. 370-399.
- Stefán Ólafsson, Arnald Sölvi Kristjánsson og Kolbeinn Stefánsson (2012). *Áhrif fjármálahrunsins á lífskjör þjóðarinnar. Skýrsla II: Áhrif mótvægisáðgerða á skuldavanda, fátækt og atvinnu*. Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
- Velferðarráðuneytið. (2011, 19. apríl). *Nám er vinnandi vegur. Framhaldskólarnir opnaðir – 1000 ný námstækifæri fyrir atvinnuleitendur*. Sótt 21. janúar 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/32752>.
- Velferðarráðuneytið. (2012, 23. febrúar). *Vinnandi vegur – átak gegn langtímaatvinnuleysi*. Sótt 24. janúar 2014 af : <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/33232>.
- Verkefnastjórn um Liðsstyrk (2014). *Liðsstyrkur. Lokaskýrsla. Árangur og helstu niðurstöður*. Sótt 3. mars 2014 af [http://asi.is/Portaldata/1/Resources/frettaefni/Li\\_sstyrkur\\_Lokaskysrsla\\_febr\\_ar2014.pdf](http://asi.is/Portaldata/1/Resources/frettaefni/Li_sstyrkur_Lokaskysrsla_febr_ar2014.pdf).
- Vinnumálastofnun (e.d.). *Ungt fólk til athafna – fyrir unga fólkið og framtíðina!* Sótt 28. janúar 2014 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/urraedi/ataksverkefni/ungt-folk-til-athafna/>.
- Vinnumálastofnun (e.d.). *ÞOR – Þekking og reynsla*. Sótt 28. janúar 2014 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnurekandi/urraedi-og-ataksverkefni/ataksverkefni/thor---thekking-og-reynsla/>.